

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Breytt deiliskipulag Áshamars 1-75, Áshamar 75-77.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á 1617. fundi sínum 11. júní 2025 tillögu að breyttu deiliskipulagi Áshamars 1-75 vegna breytinga á skipulagi við Áshamar 75-77.

Tillaga að breyttu skipulagi gerir ráð fyrir að lóðir fjölbýlishúsa við Áshamar 75 og Áshamar 77 verði aðskildar og að bærinn leysi til sín land á milli fjölbýlishúsanna þar sem gert er ráð fyrir aðkomuvegi að inngangi fjölbýlishúsanna og að vesturhlíð Hamarsskóla.

Við Áshamar 77 er gert ráð fyrir að gerður verði bílakjallari með 27 bílastæðum. Þess í stað fellur út byggingarreitur fyrir bílskúra á lóð og fyrirkomulag bílastæðisins breytist. Hámarksfjöldi íbúða er aukinn úr 18 íbúðum í 27 íbúðir. Gerð eru útskot á byggingarreit til að auka uppbot og gera ráð fyrir lyftuhúsi. Við þetta stækkar grunnflötur byggingar ofanjarðar um 95 fermetra og verður 810 fermetrar og grunnflötur kjallara verður 940 fermetrar. Svalir eru heimilar allt að 2 metra út fyrir byggingarreit.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi Áshamars 75-77 er í samræmi við aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035 þar sem svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði og fellur ennþá að sömu markmiðum um íbúðarbyggð.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 12. ágúst 2025.

Dagný Hauksdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 14. ágúst 2025